

Vinnureglur vegna ferðalaga m.flokka tímabilið 2015-2016

Mótanefnd hefur ákveðið að neðangreindar vinnureglur verði í viðhafðar tímabilið 2015-2016. Annars vegar er varðar ferðalög m.flokks liða til og frá Vestmannaeyjum og hins vegar er varðar ferðalög innan lands.

Félögum ber að skipuleggja ferðalög sín í samræmi við þessar vinnureglur og skal starfsmaður mótanefndar HSÍ upplýstur v/ferðatilhögunar dómara.

Megin reglan er að ef þurfi að fresta leik vegna ófærðar skal hann fara fram daginn eftir og eigi síðar en 2 dögum fyrir næsta heimaleik hjá heimaliðinu. Gildir þá einu hvað langt í leik hjá útiliðinu.

Til nánari skýringa eru sett upp eftirfarandi dæmi:

Ferðalög til og frá Vestmannaeyjum.

1. Ákveði félag að sigla með Herjólfu og sigli hann í gegnum Landeyjarhöfn og sé sú ferð felld niður samdægurs er leik frestað fram til næsta dags. Félag hefur þá heimild til að treysta á sama ferðamáta þar til 3 dagar eru í næsta leik hjá heimaliði. Sé enn ófært þá er félagi skylt að sigla með Herjólfu daginn eftir og gildir þá einu hvort hann siglir í Landeyjarhöfn eða Þorlákshöfn.
2. Ákveði félag að taka flug til Eyja og sé ófært í flug er leik frestað fram til næsta dags. Félag hefur þá heimild til að treysta á sama ferðamáta þar til 3 dagar eru í næsta leik hjá heimaliði. Sé enn ófært þá er félagi skylt að sigla með Herjólfu daginn eftir og gildir þá einu hvort hann siglir í Landeyjarhöfn eða Þorlákshöfn.
3. Ákveði félag að sigla með Herjólfu og sé útgefið af Herjólfu að hann sigli í Þorlákshöfn þann daginn er leik ekki frestað heldur ber félagi að mæta til leiks.
4. Í þeim tilvikum þar sem félag flýgur í leiki í Vestmannaeyjum ber félögum að gera ráð fyrir því að dómara leiksins þurfi að ferðast með liðinu í leiki. Er þar reiknað með 2 sætum.

Ferðalög innan lands.

1. Ákveði félag að taka flug í leik og sé ófært í flug er leik frestað fram til næsta dags. Félag hefur þá heimild til að treysta á sama ferðamáta þar til 3 dagar eru í næsta leik hjá heimaliði. Sé enn ófært þá er félagi skylt að ferðast landleiðina daginn eftir.

Eiga þessar reglur við deildarleiki að síðustu tveimur umferðunum sem og bikarleiki fram að undanúrslitum.

Tilvik sem falla utan þessara vinnureglna mun Mótanefnd meta sérstaklega.

Mótanefnd HSÍ 2.nóvember 2015